

Ávarp á þingi Starfsgreinasambands Íslands

Forseti ASÍ, kærufélagar

Það er mér sannur heiður að standa hér í dag á tíunda þingi Starfsgreinasambands Íslands – stærsta landssambandsins innan ASÍ. Hér erum við saman komin úr öllum landshlutum, og úr ólíkum starfsgreinum. Það er þessi víðfeðma breidd sem gerir Starfsgreinasambandið að því afli sem það er: afli sem hvorki stjórnvöld né atvinnurekendur geta hunsað.

Við eigum rætur í sögu baráttunnar fyrir réttindum verkafólks. Sú barátta hefur aldrei verið auðveld. Hún hefur krafist fórna, samstöðu og þrautseigju. En árangurinn á undaförum árum og áratugum er óumdeildur enda þekkjum við sem erum í stafni verðlýðsbaráttunnar þá fjölmörgu sigra sem hafa unnist.

En baráttunni er ekki lokið. Enda er okkar aðalmarkmið að sjálfsögðu að íslenskt verkafólk geti framfleytt sér og sinni fjölskyldu frá mánuði til mánaðar og haldið mannlegri reisu.

Kærufélagar.

Það er ekki hægt annað en að byrja á að segja: **við lifum á tímum þar sem stríð, ofbeldi og ómennska virðast vera orðin að aðalstefi.**

Þjáningar fólks í Úkraínu, á Gasa og víðar minna okkur á hversu brothætt lífið er. Börn, konur og gamalmenni eru drepin í þessum stríðsátökum eins og ekkert sé sjálfsagðara. Það er eins og illskan og ómennskan hafi náð bólfestu allt of víða í veröldinni. Það sem á sér stað í heimsmálunum þessa dagana er vitfíring – það er eins og rödd skynseminnar hafi þagnað.

Við Íslendingar eigum áfram að vera friðelskandi þjóð en við eigum jafnframt að standa með okkar vinþjóðum og horfi ég þar aðallega til vina okkar á

Norðurlöndunum. Við eigum að vera samstíga þeim í málflutningi þegar kemur að hinum ýmsu álitamálum er varða heimsmálin. Munum kæru félagar að við Íslendingar eigum allt undir því að landamæri og alþjóðasamningar séu ætíð virtir.

Ágætu félagar

Í ár er kvennaár og því við hæfi að rifja upp að árið 2025 eru liðin **50 ár frá stóra kvennafrídeginum sem haldinn var árið 1975**, þegar konur lögðu niður vinnu um land allt og sýndu með afgerandi hætti að samfélagið stæði ekki án vinnuframlags þeirra.

Það er engum vafa undirorpið að þessi barátta hefur svo sannarlega skilað árangri og tel ég að fókusinn eigi núna að vera á konum sem vinna á lökustu kjörunum.

Þá skulum við víkja að öðru.

Við vitum að líf skjör eru alls ekki þau sömu alls staðar á landinu. Á landsbyggðinni þurfa heimili að greiða hærri flutnings- og raforkukostnað, hærra vöruverð þar sem ekki eru stórmarkaðir til að skapa samkeppni og þurfa að þola lakara aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Þetta er ekkert annað en **landsbyggðaskattur**.

Skattur sem enginn kaus um, en sem fólk utan höfuðborgarsvæðisins greiðir daglega. Það er óásættanlegt að fólk þurfi að greiða meira fyrir sömu matvöru, rafmagn, húshitun, ferðalög til læknis og svona mætti lengi telja – Já, þessi

landsbyggðarskattur er einungis vegna búsetu. Þetta er ekki náttúrulögmál, þetta er afleiðing af kerfislægri mismunun. Og við í SGS segjum: þetta óréttlæti verður ekki liðið lengur.

En kæru félagar

Við verðum líka að minna á þá staðreynd að það er á landsbyggðinni sem stór hluti gjaldeyristekna þjóðarinnar verður til.

Í sjávarútvegi, fiskeldi, stóriðju, landbúnaði og ferðaþjónustu vítt og breitt um landið – þar er efnahagslíf þjóðarinnar reist. Það er barátta og vinna félagsmanna okkar sem skapar verðmætin fyrir allt samfélagið. Það er félagsfólk Starfsgreinasambands Íslands sem knýr tannhjól hagvaxtar og verðmætasköpunar áfram í íslensku samfélagi og við eigum og verðum að vera duglegri að minna alþjóð á hversu mikilvægt vinnuframlag félagsmanna SGS vítt og breitt um landið er.

Við segjum: Þeir sem skapa verðmætin eiga líka að njóta þeirra! Það getur ekki gengið að arðurinn renni í sífellt færri vasa á meðan fólkið sem stendur að baki vinnunni er látið bera byrðarnar. Það þarf að tryggja að ávinningur af alvöru gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum verði að stærri hluta eftir í nærsamfélögunum.

Ágætu félagar

Óréttlætið blasir líka við í húsnæðismálum. Ungt fólk og verkafólk almennt á í vaxandi mæli í erfiðleikum með að komast inn á húsnæðismarkaðinn.

Gríðarlega háir vextir og okur fjármálakerfisins hafa gert það að verkum að fólk stendur frammi fyrir lokuðum dyrum, jafnvel þótt það sé duglegt og vinnusamt.

Verðtryggingin heldur áfram að flytja fé úr vösum launafólks yfir til fjármálastofnana. Þetta er kerfi sem tryggir að skuldari tapar alltaf – og lánveitandi vinnur alltaf. Þetta er kerfi sem við verðum að brjóta upp. Það þarf að takast á við okurvaxtastefnu Seðlabankans og fjármálakerfisins. Það þarf að tryggja ungu fólki og öllu verkafólki raunveruleg tækifæri til að eignast heimili, til að byggja sér framtíð og lifa með reisn. Húsnæðismál eru ekki bara markaðsmál – þau eru réttlætismál, þau eru mannréttindamál.

Kæru félagar

Við í verkalýðshreyfingunni tókum stórt og erfitt skref þegar við ákváðum að semja til fjögurra ára. Við gerðum það ekki vegna þess að við værum ánægð með kjörin eða teldum þau fullnægjandi, heldur vegna þess að við vildum leggja okkar af mörkum við að auka ráðstöfunartekjur verkafólks með fleiri þáttum en bara launahækkunum. Kjarasamningurinn gekk út á að skapa forsendur fyrir lægri verðbólgu og þar með lægri vöxtum enda vita allir að mikil verðbólga og hátt vaxtastig leikur tekjulægsta fólkið ætíð verst.

Að hluta til hefur þetta gengið eftir. Verðbólga hefur lækkað úr 8% í 4,1% og stýrivextir hafa lækkað úr 9,25% í 7,5%. En því miður eru ekki allir að taka þátt í þessu verkefni eins og lagt var upp með. Af hverju? Jú, vegna þess að verslun og þjónusta hafa ekki staðið við sitt. Þrátt fyrir styrkingu krónunnar hafa fjölmörg fyrirtæki ekki skilað því í formi lægra vöruverðs. Neytendur eru látnir greiða sama verð eða hærra verð – á meðan gróðinn rennur í vasa annarra.

Og ef einhver vafi leikur á þessu, þá nægir að nefna olíuverðið.

Frá júlí 2023 til júlí 2025 hefur heimsmarkaðsverð á bensíni lækkað um 17% – samtímis hefur krónan styrkst um 8% gagnvart dollara. Það er því ekkert annað

en sjálfsagt að spyrja: Hvers vegna hefur þessi lækkun ekki skilað sér til fólksins í lægra bensínverði?

Við vitum öll að þegar fyrirtæki skila ekki styrkingu krónunar út í verðlagið þar sem það á við eykur það hagnað fyrirtækjanna. Þetta er ekki það sem við sömdum um og þetta kallast ekki að sýna samfélagslega ábyrgð, þetta er ekki heilbrigð samkeppni – þetta er gróðahyggja á kostnað almennings.

Já, kæru félagar, síðustu kjarasamningar gengu út á að skapa skilyrði fyrir lækkun verðbólgu og vaxta en síðast en ekki síst að fá stjórnvöld og sveitarfélög til að styðja við kjarasamninginn með því að auka réttindi og ráðstöfunartekjur okkar félagsmanna.

Í síðustu samningum tókst að tryggja að stjórnvöld kæmu að samningunum með stuðningi sem nemur **allt að 80 milljörðum króna** á samningstímanum. Þessi stuðningur hefur þegar skilað sér í beinum umbótum fyrir heimilin í landinu.

Þar má nefna:

- vaxtastuðning við heimilin
- hækkaðar húsnæðisbætur
- auknar barnabætur
- gjaldfrjálsar skólamáltíðir
- bættar greiðslur úr Ábyrgðasjóði launa
- fjölgun ferða að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu

Þetta eru aðgerðir sem skipta tugþúsundir heimila máli og bæta ráðstöfunartekjur fjölskyldna verulega.

Það er enginn vafi á því að **SGS gegndi lykilhlutverki** í því að ná þessum árangri. Þetta sýnir okkur hversu mikilvægt það er að **SGS eigi ætíð í traustu og góðu samtali við stjórnvöld á hverjum tíma fyrir sig**. Aðeins þannig tryggjum við að hagsmunir félagsfólks okkar séu hafðir í forgangi þegar stórar ákvarðanir eru teknar í samfélaginu.

Við verðum líka að standa vörð um krónutöluhækkanir. Þær hafa sýnt sig sem réttlátasta leiðin til að bæta kjör verkafólks. Þær skila mestum árangri fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar, draga úr misskiptingu og tryggja að ávinningur af kjarabaráttunni dreifist réttlátar en áður. SGS mun aldrei samþykkja að sú leið verði lögð til hliðar. Ég er algerlega með það á hreinu að prósentuhækkanir eru aflgjafi misskiptingar, óréttlætis og gera ekkert annað en að auka ójöfnuð á íslenskum vinnumarkaði og á þeirri forsendu verður SGS að standa vörð um þá leið að samið sé í formi krónutöluhækkana.

Ég verð að nefna að enn eitt af stóru verkefnum stéttarfélaganna er að verja atvinnuöryggi okkar félagsmanna

Það er nefnilega ekki aðeins hlutverk stéttarfélaga að semja um kaup og kjör. Eitt af stóru verkefnum okkar er að verja **atvinnuöryggi okkar félagsmanna** þegar á reynir.

Þetta sjáum við víða þessa dagana:

- Á **Húsavík** þegar PCC á Bakka lokaði.
- Í **Vestmannaeyjum** þegar uppsagnir dundu yfir fiskvinnslufólk.
- Á **Suðurnesjum**, þar sem tugir starfa verkafólks hurfu þegar Play varð gjaldþrota.

- Og í **Grindavík**, þar sem náttúruhamfarir nánast þurrkuðu út atvinnu sveitarfélagsins.

Þá verðum við líka að vera á varðbergi gagnvart ákvörðunum stjórnvalda þegar kemur að sköttum og öðrum álögum sem lagðar eru á herðar fyrirtækja. Munum að hærri álögur og skattar á fyrirtæki geta veikt möguleika okkar á að sækja fram kjarabætur handa okkar félagsmönnum og munum líka að auknar álögur af hálfu stjórnvalda geta ógnað atvinnuöryggi okkar félagsmanna. Ég vil líka lýsa áhyggjum mínum yfir því ef byggðarkvóti, línuívilnun og skel- og rækjuuppbætur verða fluttar í annað kerfi innan fiskveiðistjórnarkerfisins. Það getur haft alvarleg áhrif á atvinnuöryggi, til dæmis á Snæfellsnesi, Norðausturlandi og víðar. Ef það gerist mun það hafa áhrif á lífsviðurværi margra á landsbyggðinni – SGS þarf og verður að standa vörð um hvert einasta starf á landsbyggðinni.

Kæru félagar

Við stöndum frammi fyrir einu miskunnarlausasta óréttlæti sem íslenskt verkafólk hefur staðið frammi fyrir. En nú hefur verið afhjúpað með afgerandi hætti að lífeyrisréttindi verkafólks eru miklu lakari en lífeyrisréttindi annarra á íslenskum vinnumarkaði. Þrátt fyrir sama framlag, sömu upphæð, munar gríðarlega á réttindum fólks þegar það kemst á töku lífeyris. Allt er þetta vegna þess að örorkubyrði í verkamannasjóðunum þar sem ástunduð er erfiðisvinna er miklu meiri heldur en í öllum öðrum lífeyrissjóðum hér á landi.

Á þessari forsendu var gert samkomulag við verkalýðshreyfinguna árið 2005 með svokölluðu framlagi til jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða en nú ætlar ríkisstjórn sem kennir sig við félagshyggju, jöfnuð og réttlæti að afnema

þetta framlag. Það mun þýða að óréttlætið gagnvart íslensku verkafólki mun aukast enn frekar en nú er.

Það er mikilvægt að fólk átti sig á einu, að þetta framlag var ekki styrkur eða gjöf – það var leið til að jafna stöðuna á milli lífeyrissjóðanna. Nú þegar hefur verið sannað að **verkamannasjóðirnir bera mun þyngri örorkubyrði en flestir aðrir sjóðir**. Afleiðingarnar af því eru að réttindi félagsfólks okkar í þessum sjóðum eru **allt að 20% lakari** fyrir sama iðgjald.

Þetta þýðir að munurinn á lífeyri getur numið **meira en 100 þúsund krónum á mánuði**, og á lífeyristökutímabilinu getur hann numið **tugum milljóna króna og takið eftir þrátt fyrir sama iðgjald og sömu greiðslu**. Þetta gerist bara vegna þess að þú þarft að vera í verkamannalífeyrissjóði þar sem örorkubyrðin er mun meiri. Hvaða réttlæti er þetta? Hvaða samtrygging er þetta?

Kæru félagar, SGS mun ekki og ætlar alls ekki að láta þetta miskunnarlausu óréttlæti átölulaust. Krafa SGS er skýr: **ríkið skal standa við samkomulagið frá árinu 2005 um framlag til jöfnunar á örorkubyrði milli sjóðanna**. En í dag vantar verkamannasjóðina **10 milljarða króna á ári** til að geta staðið jafnfætis öðrum sjóðum.

Ef það gerist ekki, þá er ekkert annað í boði en að ríkið taki örorkuþáttinn aftur til sín. Það er einfaldlega ekki hægt að láta verkafólk eitt bera ábyrgð á sinni örorku. Það getur ekki kallast samtrygging – það er ekkert annað en mismunun og óréttlæti sem við í SGS munum aldrei geta sætt okkur við.

Ágætu félagar.

Það er mikilvægt að við minnum okkur ætíð á að við erum stærsta landssambandið innan ASÍ – og því fylgir ábyrgð. Ábyrgð til að leiða og vísa veginn og ekki síst til að verja réttindi okkar fólks.

Við höfum í áranna rás verið leiðandi afl í kjarasamningsviðræðum. Við höfum sýnt ábyrgð þegar samningar þurfa að nást til að tryggja stöðugleika, en við höfum aldrei hvíkað frá meginmarkmiðinu: að bæta kjörin og verja réttindi launafólks. Við vitum að launafólk lifir ekki á fögrum orðum eða loforðum um framtíð – það lifir á kjörum sínum, réttindum og öryggi.

Það er hinsvegar bláköld staðreynd að samstaðan er okkar vopn, það hefur sannað sig í gegnum alla sögu verkálýðshreyfingarinnar að þegar við stöndum saman þá náum við árangri. Þegar við leyfum utanaðkomandi öflum ekki að kljúfa okkur í hópa, eftir búsetu eða atvinnugreinum, þá erum við ósigrandi afl.

SGS byggir á þessari samstöðu. Við stöndum með fólki í litlum sjávarþorpum jafnt sem á stórum vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu. Við stöndum með fólki sem starfar í þjónustu, ræstingum, iðnaði, verslun, heilbrigðisþjónustu og svo framvegis. Við stöndum saman – því aðeins þannig tryggjum við réttlæti og bætt kjör.

Að lokum þetta.

Við stöndum hér í dag eins og fyrri kynslóðir verkafólks hafa gert á undan okkur. Við berum ábyrgð á því að halda áfram baráttunni, að verja réttindin sem við höfum unnið okkur inn og að berjast fyrir nýjum sigrum.

Það eru svo sannarlega mörg verkefni framundan – til dæmis að tryggja verkafólki á hinum almenna vinnumarkaði styttingu vinnuvikunnar eins og nánast allir aðrir hópar á íslenskum vinnumarkaði hafa samið um. En mikilvægasta málið er að sjálfsögðu að tryggja að laun verkafólks dugi fyrir framfærslu frá mánuði til mánaðar og að okkar fólk geti haldið mannlegri reisu.

Við stöndum hér saman – í dag og á morgun – til að tryggja þessa þætti í kjarasamningum framtíðarinnar, að rödd landsbyggðarinnar heyrir, að húsnæðisdraumar unga fólksins okkar rætist, að verðbólgan verði ekki lengur vopn gegn launafólki, og að líf skjör verkafólks á Íslandi batni jafnt um land allt.

Það er okkar hlutverk, það er okkar ábyrgð og það er okkar barátta.

Og eins og sagan kennir okkur: **Þegar við stöndum saman – þá vinnum við!**

Ég þakka ykkur fyrir og hlakka til öflugrar samvinnu á þinginu og segi 10. þing Starfsgreinasambands Íslands sett.